



HRUNAMANNAREPPUR

47. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILÍÐ 2018 – 2022 13. FUNDUR ÁRSINS

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 9. DESEMBER 2021

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU Á FLÚÐUM

Árið 2021, þann 9. desember kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir tvö mál, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis fyrir Grund og fundargerð öldungaráðs frá 15. nóvember s.l. Sveitarstjórn samþykkir að erindin verði lögð fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

- 1. Drög að fjárhagsáætlun 2022-2025. (Seinni umræða).**

Lagt var fram minnisblað um breytingar á fjárhagsáætlun 2022-2025 milli 1. og 2. umræðu. Sveitarstjóri fór yfir breytingar á áætlun ársins 2022 sem snerta lítilega tekju- og gjaldaáætlun fjárhagsáætlunarinnar en þær leiða til þess að niðurstaða fjárhagsáætlunarinnar breytist milli umræðna. Aðal breytingin er sú að gert er ráð fyrir meiri tekjum úr Jöfnunarsjóði og veita meira fjármagni til íþróttasvæðis, deiliskipulagsvinnu, eignarsjóðs leikskólans auk þess sem hækka fjárfestingu vegna húsnæðismála íþróttahúss/skóla.

Vegna fyrirhugaðra breytinga á fjárhagsáætluninni samþykkir sveitarstjórn að afgreiðslu málsins verði frestað fram að næsta fundi sveitarstjórnar.
- 2. Ásastígur 6b: Kaupsamningur.**

Oddviti kynnti kaupsamning vegna fasteignarinnar Ásastígs 6b, Flúðum, fasteignanúmer 220-4096 en söluverð fasteignarinnar er kr. 33. milljónir. Sveitarstjórn samþykkir sölu á eigninni skv. framlögðum kaupsamningi og felur sveitarstjóra að undirrita öll nauðsynleg skjöl vegna sölu hennar.
- 3. Breytingar á samþykktum Hrunamannahrepps: Seinni umræða.**

Oddviti kynnti tillögu að breytingum á samþykktum Hrunamannahrepps til seinni umræðu. Breytingarnar varða heimildir til að sveitarstjórn, nefndir og ráð til að halda fjarfundi, framsal á ákveðnum ákvörðum til umhverfisnefndar og byggðasamlaga auk stofnun seyrustjórnar. Sveitarstjórn samþykkir framlagðar tillögu að breytingum á samþykktum Hrunamannahrepps í samræmi við umræður á fundinum.
- 4. Móttökusamningur seyru við Veitur.**

Oddviti kynnti móttökusamning á seyru vegna Seyrustaða á Flúðum við Veitur. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
- 5. Umsókn til Heilbrigðisráðuneytisins um byggingu hjúkrunarheimilis í Uppsveitum Árnessýslu.**

Oddviti kynnti sameiginlega umsókn Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps til Heilbrigðisráðuneytisins, dagsett 1. desember 2021, þar sem óskað er eftir byggingu hjúkrunarheimilis í Uppsveitum Árnessýslu. Þar kemur fram að í sveitarfélögunum fjórum í Uppsveitum Árnessýslu hafi 469 einstaklingar á aldrinum 65 til 100 ára verið búsettir hinn 1. janúar 2021, eða um 15% íbúa. Núverandi hjúkrunarrými á Suðurlandi munu ekki nægja til að sinna þörf fyrir hjúkrunarrými til framtíðar. Nauðsynlegt sé að stuðla að því að aldraðir íbúar geti búið sem næst sinni heimabyggð og óska fulltrúar sveitarfélaganna eftir viðræðum við fulltrúa ráðuneytisins um málið.
- 6. Trog: Leiga skv. leigusamningi.**

Oddviti kynnti leigusamning milli Hrunamannahrepps og Trogs ehf vegna tjalðsvæðisins á Flúðum og þá ósk að leigugreiðslur yrðu miðaðar við raunstærð þess svæðis sem nú er í leigu. Sveitarstjórn samþykkir að breyta leigugreiðslum skv. leigusamningi í samræmi við stærð þess svæðis sem nú er í leigu.

7. **Úrskurðarnefnd umhverfis-og auðlindamála: Stjórnsýslukæra vegna afgreiðslu skipulagsnefndar Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita, dags. 18. október 2021.**

Oddviti kynnti stjórnsýslukæru vegna afgreiðslu skipulagsnefndar UTU bs. frá 18. október s.l. á deiliskipulagstillögu í landi Reykjabakka varðandi vegtengingu. Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsfulltrúa í samráði við lögmann sveitarfélagsins að svara kærinni fyrir hönd sveitarfélagsins. Sveitarstjórn leggur áherslu á að það náist sátt um málið og býður málsaðilum á fund sé þess óskað.
8. **Stígamót: Styrkbeiðni.**

Oddviti kynnti bréf frá Stígamótum þar sem þau biðja um styrk fyrir reksturinn árið 2022. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000 sem verði tekið af deild 0281.
9. **Sjóðurinn góði: Styrkbeiðni.**

Oddviti kynnti kynnti beiðni um styrk vegna reksturs Sjóðsins góða sem er samstarfsverkefni félagssamtaka á Suðurlandi. Sveitarstjórn samþykkir að styrkja sjóðinn um kr. 50.000. Styrkurinn bókast á lið 0281.
10. **Keppnisstjórn Hillrally á Íslandi 2022: Umsókn um að halda keppni á vegum sveitarfélagsins.**

Oddviti kynnti umsókn frá keppnisstjórn Hillrally á Íslandi 2022 um leyfi til að halda keppni á eftirfarandi vegum sem tilheyra sveitarfélaginu: Veginum frá Tungufelli að línuveginum til Sultartanga og línuveginum til Sultartanga að sveitarfélagsmörkum við Skeiða- og Gnúpverjahrepp dagana 6.-7. ágúst 2022. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti enda liggur fyrir samþykki landeiganda en leggur áherslu á að veginum verði skilað í sambærilegu ástandi og fyrir keppnina.
11. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti: Tímabundin heimild sveitarstjórna til að ákveða að sveitarstjórnarmönnum sé heimilt að taka þátt í fundum sveitarstjórna eða nefnda og ráða á vegum sveitarfélaga með rafrænum hætti til að tryggja starfhæfi sveitarstjórna.**

Oddviti kynnti tímabundna heimild ráðherra til sveitarstjórna til að ákveða að sveitarstjórnarmönnum sé heimilt að taka þátt í fundum sveitarstjórna eða nefnda og ráða á vegum sveitarfélaga með rafrænum hætti, þrátt fyrir að annað sé getið í samþykktum þeirra.

Sveitarstjórn samþykkir að nýta heimild samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá 12. nóvember s.l. hvað varðar notkun fjarfundarbúnaðar vegna Covid-19. Sveitarstjórn heimilar þannig að sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins noti fjarfundarbúnað á fundum og að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda með fjarfundarbúnaði. Jafnframt verði heimilt að staðfesta fundargerðir með tölvupósti þegar um fjarfundi er að ræða.
12. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Breytt skipulag barnaverndar.**

Oddviti kynnti bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um breytingar á barnaverndarlögum sem gerðar voru á síðasta löggjafarþingi, sem lúta fyrst og fremst að breyttu skipulagi barnaverndar sem taka gildi að loknum næstu sveitarstjórnarkosningum. Samkvæmt lögnum verða barnaverndarnefndir lagðar niður og í stað þeirra verða starfræktar tvær aðskildar einingar á vettvangi sveitarfélaga, annars vegar barnaverndarþjónusta og hins vegar umdæmisráð barnaverndar.
13. **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands: Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.**

Oddviti kynnti samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla.
14. **Loftslags- og umhverfisstefna: Samvinna sveitarfélaga í Uppsveitum og Flóahrepps.**

Oddviti kynnti tillögu um að unnin verði sameiginleg loftslagsstefna/umhverfisstefna fyrir sveitarfélögin í Uppsveitum og Flóahreppi. Hrunamannahreppur samþykkir að taka þátt í samstarfi um gerð sameiginlegrar loftslagsstefnu/umhverfisstefnu fyrir svæðið. Sveitarstjóra er falið að vinna ásamt fulltrúum annarra þátttökusveitarfélaga að ráðningu verkefnastjóra. Gert er ráð fyrir kostnaði í fjárhagsáætlun næsta árs.

15. Ferðamálafulltrúi Uppsveita: Breytingar.

Oddviti kynnti minnisblað vegna breytinga á embætti ferðamálafulltrúa Uppsveita og fundargerð oddvita Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps frá 30. nóvember sl.

Sveitarstjórn samþykkir að breyting verði á starfi ferðamálafulltrúa frá og með 1. janúar n.k., þannig að um 80% starf verði að ræða. Aðildarsveitarfélög verða Hrunamannahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Bláskógabyggð.

16. Húsnæðissjálfsveigastofnun: Bergrisinn.

Oddviti kynnti bréf frá Bergrisanum þar sem stjórn Bergrisans bs leggur til við aðildarsveitarfélögin að stofnuð verði húsnæðissjálfsveigastofnun(hses) um byggingu og rekstur íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk. Sjálfsveigastofnunin mun eiga og annast rekstur íbúðarkjarnans, þ.e. húsnæðisins.

Sveitarstjórn samþykkir að Hrunamannahreppur gerist aðili að húsnæðissjálfsveigastofnuninni.

17. Hverahólminn: Tilboð.

Oddviti kynnti kauptilboð að fjárhæð kr. 100 millj. frá Bláhver ehf. í 39,3334% eignarhluta sveitarfélagsins í Hverahólmanum þar sem Gamla laugin rekur starfsemi. Á fundinn mætti Ólafur Björnsson lögmaður í fjarfundi og fór yfir helstu álitafni vegna tilboðsins og þeirra viðræðna sem hafa átt sér stað við kauptilboðshafa.

Sveitarstjórn samþykkir kauptilboðið og felur sveitarstjóra að ganga frá nauðsynlegum skjölum vegna þess.

Þá telur sveitarstjórn jafnframt æskilegt að í framhaldinu verði unnið að samningum allra aðila um nýtingu vatnsréttinda í Hverahólma, umgengnisrétt í gegnum svæðið, skipulagslega stöðu o.fl. og felur sveitarstjóra og lögmanni sveitarfélagsins að vinna að því.

18. Fjárlaganefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um fjárlög 2022.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Fjárlaganefnd Alþingis um frumvarp til laga um fjárlög 2022.

Sveitarstjórn felur oddvita að koma helstu áherslumálum sveitarfélagsins á framfæri.

19. Leikskólinn: Stytting vinnuvikunnar.

Oddviti kynnti fyrirkomulag sem hefur verið á styttingu vinnuvikunnar í leikskólanum en hún hefur verið með þeim hætti að leikskólinn lokar kl. 15:00 á föstudögum. Fyrir liggur tillaga vinnuhóps fulltrúa stéttarfélaga starfsfólks í leikskólanum sem leggur til óbreytt fyrirkomulag. Sveitarstjórn samþykkir fyrirliggjandi tillögu starfsfólks um óbreytt fyrirkomulag.

20. Kjörstjórn Hrunamannahrepps: Breytingar.

Oddviti kynnti breytingar á kjörstjórn Hrunamannahrepps en Steinunn Margrét Larsen hefur óskað eftir að láta af störfum sem formaður kjörstjórnar. Sveitarstjórn samþykkir að Helgi Jóhannesson verði formaður kjörstjórnar í stað hennar og Magnús Víðir Guðmundsson verði aðalmaður. Þá skipar sveitarstjórn Karl Hallgrímsson sem varamann í kjörstjórn.

21. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði fimmtudaginn 16. desember nk. kl. 13:00 í Ráðhúsinu á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

22. Skólanefnd: Fundargerð 20. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 16. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 20. fundar skólanefndar vegna Undralands frá 16. nóvember s.l. Þar var fjallað um viðbragðsáætlun vegna fáliðunar. Sveitarstjórn samþykkir viðbragðsáætlun vegna fáliðunar.

23. Ungmennaráð: Fundargerð 1. fundar frá 30. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar ungmennaráðs Hrunamannahrepps. Þar var farið yfir starf ungmennaráðs og ráðið skipti með sér verkum þannig að ákveðið var að Óskar Snorri Óskarsson yrði formaður, Emil Vilbergsson varaformaður og Hjörný Karlsdóttir ritari. Þá fór fram kynning á verkefninu barnvænt sveitarfélag og farið yfir punkta vegna fjárhagsáætlunargerðar næsta árs og ungmennaráð fór yfir hugmyndir í því sambandi. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

24. Fundargerð 228. fundar skipulagsnefndar frá 24. nóvember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 17. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 228. fundar skipulagsnefndar frá 24. nóvember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. nóvember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi

Mál nr. 17. Birkihlíð11-15: Skilmálabreytingar, deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn frá Flott mál ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi Birkihlíðar 11-15 L232274. Í breytingunni felst að hámarksveggghæð langveggja á raðhúsum R1 verði 3,1 m og hámarks mænishæð verði 5,6 m og lengd húsa allt að 13 m. Jafnframt verði heimild fyrir því að útbygging innan nýtingarhlutfalls lóða megi fara allt að 30 cm út fyrir byggingarreit m.t.t. fjarlægðar á milli húsa. Samkvæmt núverandi skipulagi er hámarksveggghæð langveggja 2,7 metrar, hámarks mænishæð 5,5 m og lengd húsa mega vera allt að 12 metrar.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingu á skilmálum sem taka til hækkunar á vegg- og mænishæðum. Nefndin mælist til þess að skilmálar er varðar lengdir húsa verði felldar niður innan skipulagsskilmála. Jafnframt er mælist til þess að breyttir skilmálar taki til deiliskipulagssvæðisins í heild. Nefndin mælist til þess að skilmálabreyting er varðar útbyggingar utan byggingarreits verði synjað. Skipulagsnefnd UTU mælist því til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins í takt við ofangreindar tillögur nefndarinnar. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framkomna breytingu á skilmálum sem taka til hækkunar á vegg- og mænishæðum, að skilmálar er varðar lengdir húsa verði felldar niður innan skipulagsskilmála og að breyttir skilmálar taki til deiliskipulagssvæðisins í heild. Sveitarstjórn hafnar hins vegar beiðni um skilmálabreytingu er varðar útbyggingar utan byggingarreits. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi

Mál nr. 19. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 17. nóvember s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 17. nóvember s.l.

25. Fundargerð 229. fundar skipulagsnefndar frá 8. desember og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 1. desember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 229. fundar skipulagsnefndar frá 8. desember s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. desember s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 19. Ásabyggð 32-42: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð var fram umsókn frá Kennarasambandi Íslands er varðar breytingu á deiliskipulagi Ásabyggðar. Breytingin nær til lóða nr. 32-42 ásamt nýrri göngu- og hjólaleið við suðurenda skipulagsreitsins sem nýtist jafnframt sem flóttaleið. Svæðið er um 5,0 ha að stærð. Öll hús innan þessa svæðis eru í eigu Kennarasambands Íslands (KÍ) og eru þau leigð út sem orlofshús til félagsmanna. Markmið breytingarinnar er að leiðrétta staðsetningu þegar byggðra húsa sem eru ekki öll innan byggingareits ásamt því að fjölga um 3 orlofshús og byggja eitt hús sem sinnir umsýslu og viðhaldi á svæðinu auk þess sem gert er ráð fyrir frekari sameiningu lóða. Jafnframt er gert ráð fyrir heimild fyrir lagninu vegar að nýjum orlofshúsum.

Í deiliskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir sameiningu lóða 35-36-37 í eina lóð og 33-34-43 í eina lóð auk þess sem reiknað er með stofnun lóðar fyrir þjónustuhús innan þess svæðis. Samhliða er gert ráð fyrir að heimfæra núverandi heimildir deiliskipulags yfir á sameinaðar lóðir. Innan sameiginlegra lóða merktar S3 á gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að byggja megi allt að 3 frístundahús og 1 aukahús með hverju þeirra. Hámarksbyggingarmagn er tilgreint 110 fm í heild á hvert hús með aukahúsi. Í heild er því gert ráð fyrir allt að 330 fm byggingarmagni á þeim lóðum. Með breytingunni er gert ráð fyrir sambærilegu byggingarmagni á ofangreindar sameinaðar lóðir. Auk þess er gert ráð fyrir að á lóðum sem merktar eru S3 á gildandi skipulagi megi byggja 4 og 5 hús innan sömu hámarksbyggingarheimilda. Hámarksbyggingarmagn eldri svæða eykst því upp í annarsvegar 550 fm og hins vegar 440 fm. Framlagðar heimildir er varðar hámarksbyggingarmagn innan frístundalóða eru umtalsvert umfram núgildandi

heimildir aðalskipulags sem gera ráð fyrir að nýtingarhlutfall frístundalóða fari ekki umfram 0,03.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málinu verði frestað og skipulagsfulltrúa verði falið að annast samskipti við skipulagshönnuð um útfærslu skilmála innan svæðisins. Í því samhengi verði m.a. horft til hugmynda er varðar breytingar á skilmálum aðalskipulagsáætlana aðildarsveitarfélaga UTU sem tekur til byggingarheimilda minni sumarhúsalóða. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málinu verði frestað og skipulagsfulltrúa verði falið að annast samskipti við skipulagshönnuð um útfærslu skilmála innan svæðisins. Í því samhengi verði m.a. horft til hugmynda er varðar breytingar á skilmálum aðalskipulagsáætlana aðildarsveitarfélaga UTU sem tekur til byggingarheimilda minni sumarhúsalóða.

Þá bendir sveitarstjórn á að það kunnir að þurfa huga að öðrum atriðum sem tengjast skipulagssvæðinu eins og vegtengingum upp á Högnastaðaás og felur sveitarstjóra og oddvita að vinna málið áfram með skipulagsfulltrúa og skipulagshönnuði.

Mál nr. 20. Hólakot: Frístundabyggð. Aðalskipulagsbreyting.

Lögð var fram fyrirspurn frá Finni Kristinssyni er varða breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps sem tekur til lóðar Hólakots L166762 í samræmi við framlagða umsókn.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn og vísar málinu til afgreiðslu sveitarstjórnar Hrunamannahrepps. Nefndin mælist til þess að unnin verði skipulags- og matslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar sem tekur til viðkomandi svæðis taki sveitarstjórn jákvætt í erindið

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að unnin verði skipulags- og matslýsing vegna aðalskipulagsbreytingar sem tekur til viðkomandi svæðis.

Mál nr. 21. Uppbygging aðstöðu fyrir ferðamenn í Kerlingarfjöllum. Umsagnarbeiðni.

Lögð var fram ósk Skipulagsstofnunar um umsögn um fyrirhugaða framkvæmd Fannborgar og skipulagslýsingu Hrunamannahrepps, dags. 25. október 2021. Í umsögninni skal koma fram eftir því sem við á, hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli, að hans mati, á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Jafnframt skal í umsögn gera grein fyrir leyfum sem framkvæmdin er háð og eru á starfssviði umsagnaraðila. Þá skal, eftir því sem við á, benda á atriði sem nýst geta við endanlega útfærslu deiliskipulagstillögunnar og vinnslu hennar.

Skipulagsnefnd UTU telur að innan fyrirspurnar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Nefndin telur að framkvæmdir á grundvelli framlagðra gagna sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar eru eftir atvikum háðar útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa af hálfu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og telur að innan fyrirspurnar um matsskyldu sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Sveitarstjórn telur að framkvæmdir á grundvelli framlagðra gagna séu ekki háð mati á umhverfisáhrifum en framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar séu eftir atvikum háðar útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa af hálfu sveitarfélagsins.

Mál nr. 22. Efra-Langholt. Deiliskipulag vegna 10 frístundalóða.

Lagt er fram nýtt deiliskipulag í landi Efra-Langholts eftir auglýsingu. Í deiliskipulaginu felst skipulagning 10 frístundalóða sem eru hver um 1 ha. Athugasemdir og umsagnir bárust á auglýsingatíma skipulagsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess. Afgreiðslu málsins var frestað á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 4.11.21. Þar sem skipulagsfulltrúa var falið að annast samskipti við skipulagshönnuð varðandi athugasemdir sem fram komu í umsögnum umsagnaraðila.

Innan framlagðra umsagna vegna deiliskipulagsins koma fram umsagnir frá Vegagerðinni frá 25. október 2019 þar sem ekki er gerð athugasemd við tengingu

svæðisins af núverandi túntengingu við Langholtsveg (341-01) í landi Efra-Langholts. Sett voru fram skilyrði er varðar sjónlengdir við gatnamót og að vegtengingar séu sem næst beint inn á veg. Deiliskipulagið tafðist í ferli á meðan breyting á aðalskipulagi var klárað fyrir svæðið. Innan nýrrar umsagnar frá Vegagerðinni, þegar deiliskipulag svæðisins er lagt fyrir að nýju til umsagnar, hafnar Vegagerðin áður samþykktri vegtengingu þar sem fjölgun tenginga hafi áhrif á umferðaröryggi. Skipulagsnefnd telur ekki forsvaranlegt að fara að nýrri umsögn Vegagerðarinnar vegna framlagðrar vegtengingar. Gengið var út frá fyrri umsögn við vinnslu skipulagsins og telur nefndin að breyting á aðkomu hafi veruleg áhrif á allar forsendur skipulagsgerðarinnar. Að sama skapi telur nefndin að umferðaröryggi sé ekki ógnað þrátt fyrir samþykkt á viðkomandi tengingu enda sé sjónlengd við afleggjarann góð til beggja handa. Skipulagsnefnd telur að brugðist hafi verið við umsögn Umhverfisstofnunar innan deiliskipulagsins með fullnægjandi hætti. Nefndin mælist til þess að staðvísir verði skilgreindur innan deiliskipulagsins fyrir gildistöku skipulagsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lagður er fram uppfærður uppdráttur deiliskipulags með staðvísunum á lóðunum.

Varðandi framlagðrar umsagnir vegna deiliskipulagsins koma fram umsagnir frá Vegagerðinni frá 25. október 2019 þar sem ekki er gerð athugasemd við tengingu svæðisins af núverandi túntengingu við Langholtsveg (341-01) í landi Efra-Langholts. Sett voru fram skilyrði er varðar sjónlengdir við gatnamót og að vegtengingar séu sem næst beint inn á veg. Deiliskipulagið tafðist í ferli á meðan breyting á aðalskipulagi var klárað fyrir svæðið. Innan nýrrar umsagnar frá Vegagerðinni, þegar deiliskipulag svæðisins er lagt fyrir að nýju til umsagnar, hafnar Vegagerðin áður samþykktri vegtengingu þar sem fjölgun tenginga hafi áhrif á umferðaröryggi. Sveitarstjórn telur ekki forsvaranlegt að fara að nýrri umsögn Vegagerðarinnar vegna framlagðrar vegtengingar. Gengið var út frá fyrri umsögn við vinnslu skipulagsins og telur sveitarstjórn að breyting á aðkomu hafi veruleg áhrif á allar forsendur skipulagsgerðarinnar. Að sama skapi telur sveitarstjórn að umferðaröryggi sé ekki ógnað þrátt fyrir samþykkt á viðkomandi tengingu enda sé sjónlengd við afleggjarann góð til beggja handa. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn Umhverfisstofnunar innan deiliskipulagsins með fullnægjandi hætti.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð og samþykkir jafnframt framlagðar tillögur að staðvísunum lóðanna.

Mál nr. 24. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. desember s.l.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 1. desember s.l.

26. UTU bs.: Fundargerð aðalfundar byggðarsamlags UTU frá 10. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð aðalfundar byggðarsamlagsins UTU. Þar var fjallað um ársskýrslu og ársreikning fyrir árið 2020, þóknun til stjórnar/skipulagsnefndar UTU bs. Þá var farið yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2022. Sveitarstjórn samþykkir tillögu að fjárhagsáætlun 2022 en að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

27. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árneshöfna: Fundargerð 52. fundar frá 30. nóvember s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 52. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var farið yfir trúnaðarmál. Þá var fjallað um farsældarbækling, nefnd um rannsókn á aðbúnaði og meðferð fullorðins fatlaðs fólks og ársskýrslu SVÁ 2020. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál:

28. Umsagnarbeiðni vegna rekstarleyfis fyrir Grund.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna beiðni K31 ehf, kt. 621216-1120 um nýtt rekstarleyfi til reksturs gististaðar í flokki IV-B vegna Gistiheimilisins Flúðum á Grund, fasteignanúmer 220-4003. Sveitarstjórn samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

29. **Öldungarráð: Fundargerð 29. fundar ráðsins frá 15. nóvember s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 29. fundar öldungaráðs frá 15. nóvember s.l. Þar var fjallað um verkefni öldungaráðs fram á vorið, fund með oddvita, facebooksíðu Félags eldri Hrunamanna og fund með stjórn Félags eldri Hrunamanna. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. **Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 23. fundar héraðsnefndar frá 25. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. **SASS: Fundargerð 574. fundar stjórnar frá 27. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. **SASS: Fundargerð 575. fundar stjórnar frá 5. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- d. **SASS: Fundargerð aðalfundar þann 28.-29. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. **Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 3. fundar stjórnar frá 4. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- f. **Markaðsstofa Suðurlands: Fundargerð 4. fundar stjórnar frá 1. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- g. **Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð aðalfundar þann 29. október s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- h. **Bergrisinn bs.: Fundargerð aðalfundar frá 24. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- i. **SASS: Ályktanir ársþings SASS 2021.**
Lagt fram til kynningar.
- j. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Uppfærsla svæðisáætlana vegna lagabreytinga.**
Lagt fram til kynningar.
- k. **Menntamálastofnun: Upplýsingar um breytingar á skólaumhverfi sveitarfélaga.**
Lagt fram til kynningar.
- l. **Hringtorg gatnagerð. Verkfundargerð 14. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- m. **Gröf gatnagerð. Verkfundargerð 16. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- n. **Kópsvatn–Garðastígur. Verkfundargerð 7. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- o. **Miðlunargeymir Berghylsfjalli. Verkfundargerð 7. fundar.**
Lagt fram til kynningar.
- p. **Björgunarfélagið Eyvindur: Ársreikningur 2020.**
Lagt fram til kynningar.
- q. **UTU bs.: Aðalskipulagsbreyting: Skollagróf, efnistaka.**
Lagt fram til kynningar.
- r. **Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 903. fundar stjórnar frá 26. nóvember s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:40.